

## Fjarvistir og leyfi

Fjarvistir nemenda ráða miklu um hvort góður árangur næst í námi hvers og eins. Lög kveða skýrt á um að forráðamenn sjái um að nemendur sæki skóla dag hvern. Óheimilar fjarvistir nemenda og að mæta of seint hafa áhrif á skólasóknareinkunn hvers og eins. Þegar um veikindi umfram tíu daga er að ræða á skólaárinu getur skólinn krafist vottorðs frá lækni.

UMSJÓNARKENNARI VEITIR  
LEYFI FYRIR 1 EÐA 2 DAGA.

LEYFI Í 3-4 DAGA ER HÆGT AÐ  
SÆKJA UM Í TÖLVUPÓSTI TIL  
SKÓLASTJÓRNENDA.

LEYFI Í 5 DAGA EÐA LENGUR  
ÞARF AÐ SÆKA UM Á  
SÉRSTÖKU EYÐUBLAÐI.

Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á skólasókn nemenda þar sem fylgni er á milli góðrar ástundar og góðs árangurs í námi. Starfsmenn skólans vinna eftir eftirfarandi vinnuferli. **Ef einkunn nemanda er komin í:**

7,0  
ÞÁ HEFUR UMSJÓNARKENNARI  
SAMBAÐ VIÐ  
FORELDRA/FORRÁÐAMENN  
SÍMLEIÐIS OG BOÐAR ÞÁ OG  
NEMANDA Á FUND.

5,0  
ÞÁ BOÐAR UMSJÓNARKENNARI  
NEMANDA OG  
FORELDRA/FORRÁÐAMENN TIL  
FUNDAR MEÐ STJÓRNANDA.  
NEMANDA ER BOÐINN  
ÁSTUNDARSAMNINGUR.

3,0  
ÞÁ ER TILKYNNING VEGNA SLAKRAR  
SKÓLASÓKNAR SEND TIL  
FÉLAGSMÁLAYFIRVALDA.